

fyrirskipað um það efni, má ávaxta fè opinberra stofnana á þann hátt, að fyrir það sæu keypt óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, er gefa af sér vöxtu, að svo miklu leyti því ekki verður við komið að lána það einstökum mönnum gegn lögboðnu veði.

1862.

7. aprilm.

**21. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandidate frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar braud.**

9. aprilm.

Þér, herra stiptamtmaður, og þér, háeruverðugi herra, hafið í bréfi 12. septemberm. f. á. skýrt frá, að Oddur Gíslason, kandidate frá prestaskólanum í Reykjavík, hafi skorazt undan að þiggja Miðgarða braud í Grímsey, sem stiptyfirvöldin hafi veitt honum, jafnvel þó hann fyrrum hafi fengið kennslu ókeypis og styrk úr almennum sjóði bæði við hinn lærða skóla og við prestaskólann, og muni þess vegna vera háður skyldu þeirri, sem um er rætt í konungsbréfum frá 10. maí 1737 og 2. desemberm. 1791, til að þiggja þegar á þarf að halda fátæk prestaköll á Íslandi; hafið þér fyrst og fremst beðið um samþykki stjórnarráðsins til þeirra aðgjörða yðar, er nú var getið, og því næst, að yður verði veitt vald til framvegis að fara eptir því, sem fyrir er mælt í konungsbréfum þessum, og hafið þér í því efni óskað, að stjórnarráðið lýsti því yfir, að ákvarðanir þessar einnig eigi að heimfærast upp á þá kandidate, sem koma frá prestaskólanum, og um leið getið þess, að þér að öðrum kosti ekki munið geta framvegis fengið menn til hinna fátæku braudanna, sem enginn sækir um.

Eptir að búið er að skrifast á við dómsmálastjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, að það, sem ákveðið er í konungsbréfum þeim, er nú var getið, verður ekki beinlínis heimfært upp á þá, sem lært hafa við prestaskólann í Reykjavík, jafnvel þó þeir hafi notið styrks úr almennum sjóði in á yður að gæta þess, að eigi verði framvegis sett á vöxtu í jarðabókarsjóðnum fè ómyndugra og opinberra stofnana, en þess skal getið, að það er vitaskuld« og s. frv.

1862.

9. aprilm.

við skóla þenna. En stjórnarráðið mun nákvæmar yfirvega, hvort ástæða sé til að gjöra nýja ákvörðun, er leggi hlutað-eigendum á herðar skyldu þá, sem hér er um rætt, og mun yður síðar verða kunngjört, hvað af ráðið verður í því efni; en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kandiðata frá prestaskólanum til að taka að sér þessi fátæku brauð, með því að gefa þeim von um, að þeir á eptir skuli fá betri brauð.

9. aprilm.

**22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sekt fyrir brot móti verzlunarlögunum.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá skýrslu yðar, herra amtmaður, í bréfi 18. septemberm. f. á., um að O. V. Simonsen lausakaupmaður hefði í fyrra brotið móti verzlunarlögunum íslenzku, er hann sigldi til Skeljavíkur í Steingrímsfirði innan Strandasýslu og verzlaði þar, þá hefir stjórnarráðið látið rannsókn um þetta efni fram fara yfir honum í sakamála- og lögreglumálaréttinum í Kaupmannahöfn, og hefir hann játað brot sitt, en beðið um, að málið yrði á enda kljád með úrskurði dómsmálastjórnarinnar, en ekki með dómi, og hefir stjórnarráðið þvínæst ákveðið, að hann skuli greiða fyrir yfirsjón sína 20 ríkisdala sekt til sveitarsjóðsins, þar sem brotið var framið.

Þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar.

9. aprilm.

**23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um eignarrétt til reka.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 17. septemberm. f. á. beðið um, að stjórnarráðið skæri úr, hverjum bæri eignarréttur